

Til aðgæslu við messugjörð (drög)

Efnisyfirlit

Til aðgæslu við messugjörð (drög).....	1
Móðurmálmessan.....	2
Heilög athöfn	2
Heilagur tími	3
Heilagur staður.....	4
Hreyfingar í helgihaldi	5
Ólíkar áherslur helgihaldsins	6
Bækur helgihaldsins	7
Búnaður og skróði kirkjuhússins.....	7
Skróði	9
Syndajátning.....	10
Framsögn	10
Undirbúningur kvöldmáltíðar	10
Borðhald	11
Krossmark.....	12
Upphald.....	13
Brotning brauðsins	13
Útdeiling.....	14
Þegar efni þrýtur og þegar afgangur verður af efnunum	15
Inngilding í helgihaldi.....	16
Hlutverk vígðra í guðspjónustunni.....	17
Hlutverk óvígðra starfsmanna og fulltrúa safnaðarins í guðspjónustunni.....	18
Kirkjuathafnir	20
Guðspjónustan lið fyrir lið.....	21
I. Koman.....	21
II. Orðið	23
III. Máltíðin.....	26
IV. Sendingin	28

Móðurmálmessan

Stefnt er að því að ný *Handbók íslensku kirkjunnar* komi út árið 2026. Á því ári verða liðin 500 ár frá því að Móðurmálmessa Lúthers, *Deutsche Messe* leit dagsins ljós, en þremur árum fyrr hafði Lúther sent frá sér messuforskriftina *Formula Missae*. Messuforskriftin var skrifuð til að auka aðgengi safnaðarins að messunni, til þess að Orð Guðs og sakramenti væru þeim skiljanleg og skýr. Fer vel á því að fagna afmæli hennar með nýrri handbók með íslenski messu.

Meginreglur nýrrar handbókar spruttu fram í samræðum við presta og djákna á þremur Synodum, 2022, 2023 og 2024. Kallað eftir viðbrögðum um þær á Kirkjudögum 2024. Meginreglunum má safna saman í þrjú höfuðstef, sem eru trúfesti, inngilding og samstarf. Sérhver handbók þjóðkirkjunnar þarf að vera trú hinum biblíulega vitnisburði og sjá til þess að helgisiðirnir endurspegli guðfræði kirkjunnar. Í öðru lagi hafa hugsjónir siðbreytingarinnar sem tekin hefur verið í arf frá *Deutsche Messe* um aukið aðgengi safnaðarins að messunni sett svip sinn á vinnu nefndarinnar. Í þessu augnamiði hefur verið reynt að koma til móts við kröfu um að helgisiðirnir væru aðgengilegir, t.d. með skiljanlegu tungutaki, máli allra kynja og fjölbreyttum myndlíkingum um guðdóminn. Þriðja einkenni reglanna er áherslan á að helgisiðirnir séu samstarfsverkefni vígðra þjóna og óvígðra fulltrúa safnaðanna.

Siðir geyma oft langa sögu og birta gjarnan guðfræðiáherslur sem vert er að gefa gaum og kynnast. Siðir eiga einnig mislanga sögu og verða til í ólíkum aðstæðum er varða guðfræði og/eða hagnýta hluti. Þau sem að helgihaldinu koma þurfa að hafa það hugfast að hátterni í helgisiðum á að helgast af þjónustu við Krist og sem sýnileg tákni fyrir söfnuðinn. Helgisiðum er lýst hér til þess að leiðbeina þeim sem stýra helgihaldinu. Sumir þættir eru ákvarðaðir í Samþykktum um innri málefni þjóðkirkjunnar frá 2009 (hér skammstafaðar SIMÞ) ásamt öðrum kirkjuréttarlegum ákvæðum sem varða íslensku þjóðkirkjuna. Aðrir siðir eru valkvæðir. Þessi leiðbeining um atferli við messugjörð inniheldur fræðslu um litúrgíska sögu og venjur, ásamt því að innihalda greinargerð og útskýra þær ákvarðanir sem nefndin hefur tekið og rauðu rúbrikkurnar sem fylgja messuforminu. Leiðbeiningin er sett fram til hjálpar, umhugsunar og umræðu. Um drög er að ræða.

Heilög athöfn

Í játningarritum þjóðkirkjunnar er kirkjan skilgreind sem söfnuður allra trúaðra, þar sem fagnaðarerindið er boðað hreint og heilög sakramenti höfð um hönd (Ágsborgarjátningin §7). Sérhver guðspjónusta er fyrst og fremst gjöf Guðs og verk Guðs meðal okkar og þar njótum við nærveru Guðs í tónlist, söng og bæn.

Guðspjónustan er einnig kölluð messa í vestrænum sið og orðin eru notuð jöfnum höndum í handbókinni. Messan er samfélagsathöfn þar sem við komum saman sem söfnuður frammi

fyrir Guði. Þar mætir náð Guðs okkur í Orðinu og samveru kvöldmáltíðarsakramentisins. Í guðsþjónustunni tökum við þátt í að lofa Guð með öllum kirkjum veraldar og með söfnuði Guðs á himni og jörðu. Í því samfélagi nærum við og þroskum trú okkar og berum fram allan heiminn í bæn okkar. Frá guðsþjónustunni erum við send út til þjónustu við náungann í heiminum og sinnum þannig köllun okkar sem fylgjendur Jesú Krists. Alla fjóra þættina má að jafnaði finna í messunni. Guðsþjónustan telst messa jafnvel þótt þriðja þætti hennar sé sleppt og eins þótt einfaldaðir séu fyrsti og annar þáttur hennar.

Allir kristnir helgisiðir eru leiddir af formi guðsþjónustunnar, þar með taldar hinar kirkjulegu athafnir, skírn, ferming, hjónavígsla og útför. Einnig má nefna vígslur til embætta djákna, prests og biskups, ásamt vígslu kirkju og kirkjugarðs og aðrar tilfallandi helgistundir á kristnum grundvelli. Guðsþjónustan, hinar kirkjulegu athafnir, vígslur og helgistundir nefnast einu nafni helgihald í handbókinni. Þegar rætt er um söfnuð í handbókinni er hvort tveggja vísað til helgihalds í hinum landfræðilegu sóknum og annarra safnaða sem koma saman í sérþjónustunni til lengri eða skemmri tíma. Sem dæmi um helgihald slíkra safnaða eru messur í fangelsum, á sjúkrahúsum, hjúkrunarheimilum og sambýlum, í söfnuðum Íslendinga erlendis, í alþjóðlega söfnuðinum.

Heilagur tími

Kristið fólk tók árstíðir helgihaldsins í arf frá gyðingum, með þremur stórum hátíðum sem allar tóku mið af regntímabilum hirðingja- og landbúnaðarþjóðfélags. Þessar hátíðir voru nefndar páskar, viknahátíð og laufskálahátíð og tengdust atburðum í sögu Ísraelsþjóðarinnar. Auk árvissra hátíða hefur kristnin tekið hinn vikulega hvíldardag í arf frá gyðingdómi. Söfnuður Krists safnast yfirleitt saman fyrsta dag vikunnar, sem er sunnudagur, helgaður hinum upprisna Kristi (Post 20.7). Það er Kristur sem kallar söfnuð sinn til samkomunnar. Upprisa Jesú hafði ekki aðeins áhrif á það hvernig taktur vikunnar var tjáður í kristnu ljósi, heldur á kirkjuárið allt. Eins og hjá gyðingum eru stórhátíðir kristinnar þrjár, og rétt eins og í gyðingdómi hefst helgi stórhátíðanna kvöldið á undan. Sérhvert kirkjuár hefst fyrsta sunnudag í aðventu og endar á síðasta degi þrenningarhátíðar.

Páskarnir eru meginhátíð kristinnar. Hjá gyðingum voru páskar haldnir til minningar um frelsunina frá Egyptalandi, en heimildir eru til frá annarri öld eftir Krist um að sérstakt páskahald kristins fólks hafi þá verið hafið. Í kristinni túlkun hátíðarinnar er upprisa Jesú Krists og sigur yfir synd og dauða í brennidepli. Í frumkirkjunni var páskavakan aðfaranótt páskadags gjarnan notuð til að skíra trúnema. Fjörutíu daga fyrir páska er fastan, sem minnir á dagana fjörutíu sem Jesús fastaði í eyðimörkinni (Matt 4.2). Dagarnir fjörutíu milli páska og uppstigningardags taka mið af því að Kristur hafi birst lærisveinunum upprisinn í fjörutíu daga (Post 1.3). Dagarnir tíu milli uppstigningardags og hvítasunnu eru tengdir hinum tíu dögum

þegar lærisveinarnir, konurnar og fjölskylda Jesú ákölluðu Guð í loftstofunni í Jerúsalem og báðu þess að heilagur andi kæmi yfir þau (Post 1.12-14).

Hvítasunnan var eins og páskahátíðin arfur frá gyðingum, en breytti um innihald í kristnum sið. Í stað þess að vera hátíð sem tengdist minningu boðorðanna hafa kristnir fagnað komu heilags anda á hátíðinni frá því um 200 e.Kr. í samræmi við frásögn annars kafla Postulasögunnar. Páskar og hvítasunna voru lögfestar sem kristnar hátíðir á Níkeuþinginu árið 325, sem hluti hins kristna kirkjuárs. Þá var ákveðið að páskum skyldi fagna fyrsta sunnudag eftir fyrsta fulla tungl eftir vorjafndægur 21. mars. Af því að páskarnir fylgja tunglkomum eru þeir stundum snemma og stundum seint. Og af því að hvítasunnan er haldin hátíðleg fimmtíu dögum eftir páska fylgir hún einnig gangi himintungla. Sunnudagurinn eftir hvítasunnu nefnist þrenningarhátíð og allir sunnudagar fram að aðventunni eru kenndir við hana. Á því tímabili íhugar kirkjan boðskap Jesú og þau undur sem líf hans fól í sér, með það að markmiði að söfnuðurinn vaxi og styrkist í trú, von og kærleika í Guðs ríki.

Jólin eru þriðja stórhátíð kristninnar og þá er fæðingu Jesú Krists á jörðu fagnað. Jólin sem kristin hátíð eru yngri en páskar og hvítasunna og koma frá tímanum fyrst eftir Níkeuþingið á fyrri hluta fjórðu aldar. Á þeim tíma settu umræður um það hvernig Guð gerðist maður sterkan svip á fornkirkjuna og því varð mikilvægara en áður að fastsetja fæðingarhátíð frelsarans. Austurkirkjan heldur jól 6. janúar, en það er jóladagur samkvæmt júlíanska tímatalinu. Vesturkirkjan heldur jól 25. desember í samræmi við nýja stílinn, eða gregoríska tímatalið. Val á tíma fyrir fæðingarhátíðina getur hafa tengst sólarhátíð í rómverska heimsveldinu enda er myndmálið um Jesú sem sól og ljós notað í Biblíunni (Mal 4.2, Lúk 1.78, Jóh 10.1). Tímabilið fyrir jólin nefnist aðventa og er einnig nefnd jólafasta. Aðventa stendur í fjórar vikur fram að jólum. Eftir jólin tekur síðan við opinberunarhátíð kirkjunnar, en þá er skírnar Jesú í ánni Jórdan minnst (Matt 3.17), allt fram til föstu.

Kirkjuárið skapar þannig tímabil, heilagan tíma árið um kring, þar sem okkur er boðið að taka þátt í frásögum Biblíunnar af lífi, dauða og upprisu Krists, læra um sköpunarverkið sem Guð hefur gert og huggast og styrkjast í heilögum anda af táknum og þemum trúarinnar.

Heilagur staður

Kirkja er heilagur staður. Allt sem fram fer í kirkjunni er Guði til dýrðar og í samræmi við leyndardóma kristinnar trúar. Kristin guðsþjónusta fer oftast fram í vígðu kirkjuhúsi eða kapellu, sem er sérstaklega tekið frá til þjónustu Orðs og sakramenta. Orðið kirkja er dregið af gríska orðinu *kyriake* sem merkir „það sem heyrir Drottni til“. Orðið kapella er dregið af orðinu latneska orðinu *cappa*. Orðið merkir kápa og er heiti yfir lítið guðshús sem er ekki landfræðileg sóknarkirkja.

Mikilvægasti staður hvernar kirkju er altarið, sem minnir á návist Krists. Innsti hluti kirkjunnar, þar sem altarið er staðsett, nefnist kór og eru skilin milli kórs og kirkjuskips

nefnd kórdr. Fremsti hluti kirkjunnar kallast forkirkja. Snemma myndaðist sú hugmynd að áttirnar í kirkjuskipinu kölluðust á við sólarganginn og við hinar landfræðilegu höfuðáttir í austri og vestri, norðri og suðri. Af þessum fjórum áttum er austrið mikilvægast, og sá siður að snúa sér réttisælis til austurs í bæn (lat. *ad orientem*, þ.e. í austurátt) hefur fylgt kristninni, a.m.k. frá annarri öld e.Kr. Þegar þjónað er mót austri snúa vígð jafnt sem óvígð sér öll eins í kirkjunni og tilbiðja hinn upprisna sem kemur úr austrinu. Kór kirkju hefur að jafnaði verið látinn snúa í austur en forkirkja í vestur, en á þessari reglu eru undantekningar. Þar sem svo háttar að altarið stendur í miðjum kór í kirkjunni geta vígðir þjónar líka staðið innan við altarið andspænis fólkinu (lat. *versus populum*) alla guðsþjónustuna. Þessi háttur þekktist í frumkirkjunni og Marteinn Lúther mælti með honum á siðbreytingartímanum. Kirkjusiðurinn náði fótfestu með breytingum á helgihaldi rómversk-kaþólsku kirkjunnar á sjöunda áratug síðustu aldar og kallaðist á við nýjar áherslur í kirkjubyggingarlist.

Í kirkjum sem halda hina fornu venju að biðja mót austri er tekið mið af sólarganginum og snúið réttisælis frá altarinu. Vígðir þjónar snúa sér venjulega hálfhring til og frá altari, réttisælis frá og andsælis að altarinu í hvert skipti sem þeir heilsa söfnuðinum með orðunum „Drottinn sé með ykkur“. Alþjóðlega hefðin er sú að prestur snúi sér réttisælis frá altarinu mót söfnuði og snúi sér svo andsælis til baka, en í *Handbók íslensku kirkjunnar* frá 1981 var þess sérstaklega getið að þegar presturinn sneri sér frammi fyrir altarinu væri það réttisælis (bls. 7). Hvatt er til þess að þjónar haldi hina fornu hefð kirkjunnar að taka mið af sólarganginum þegar snúið er frá altari fram til safnaðarins, en heimilt er að fylgja hvorri reglunni sem er, hinni alþjóðlegu eða íslenskri venju þegar snúið er til baka.

Með helgihaldi mót austri er lögð áhersla á handanveru tilbeiðslunnar í lofgjörð safnaðarins til Guðs. Með helgihaldi andspænis fólkinu er lögð áhersla á nánd, íveru Guðs í heiminum og samfélag hinna kristnu hvert við annað. Sá háttur sem valinn er fer að hluta til eftir kirkjubyggingunni sjálfri og staðsetningu altarisins í henni. Þegar vígðir þjónar velja að standa andspænis söfnuði í helgihaldinu fer vel á að hefja messuna í kórdrum og flytja sig síðan inn fyrir altarið í lok almennrar kirkjubænar. Báðir helgisiðirnir, *ad orientem* og *versus populum*, draga fram mikilvæga guðfræði helgihaldsins á hinum heilaga stað sem ástæða er til að hugleiða og standa vörð um.

Hreyfingar í helgihaldi

Um líkams- og handahreyfingar í helgihaldi gilda hvort tveggja fornar venjur og sveigjanleiki. Þau sem koma til kirkju taka þátt í guðsþjónustunni með ýmsu móti, með líkamstjáningu, handahreyfingum og orðum. Þau signa sig, taka undir svör og söng, krjúpa á kné, rísa á fætur, sitja, spenna greipar í bæn, ganga fram til altarisins, rétta hönd á móti altarisakramentinu, taka þátt í samskotum, taka í hendur annarra undir friðarkveðju og lúta höfði, svo dæmi séu tekin. Ein fegursta lýsing á kristnum helgisiðum er stefið sem miðaldakvæðið Lilja geymir: „ævinlega með luktum lófum, lof ræðandi á kné sín bæði.“ Luktir lófar geta hvort sem er

verið spenntar greipar eða lófar sem lagðir eru hvor að öðrum og hvort tveggja eru gildir kirkjusiðir. Þau sem tilheyra lútersku kirkjunni signa sig að hætti Vesturkirkjunnar og segja: „Í nafni Guðs“, setja höndina á enni og segja jafnframt: „föður“, setja höndina á brjóst og segja jafnframt „sonar“, setja höndina á vinstri öxl og segja jafnframt „heilags“, setja loks höndina á hægri öxl og segir „anda“. Einnig má nota önnur orð um heilaga þrenningu (sjá valkosti í Messuskjali) við handahreyfingarnar, en alltaf er myndaður kross frá enni til brjósts og yfir axlirnar. Austurkirkjan signir frá hægri öxl til vinstri axlar.

Hreyfingar hinna vígðu taka mið af langri hefð kirkjunnar sem siðbreytingin tók í arf. Hinum hefðbundnu handahreyfingum má einkum skipta á fjóra vegu. Ef ekki er verið að nota hendurnar er staðið með luktum lófum fyrir brjósti. Þegar lófarnir eru lagðir saman eru þumlarlagðir í kross. Hinni fornu bænastellingu (lat. *orans*, þ.e. biðjandi) er lýst hvort tveggja í hinu Gamla og Nýja testamenti (2Mós 9.29, 1 Tím 2.8). Þá eru hendurnar aðskildar og lófum lyft mót himni. Þriðja handahreyfingin er síðan notuð þegar söfnuðinum er heilsað. Hinn vígði þjónn aðskilur hendur í heilsuninni, leggur saman lófana aftur í lok kveðjunnar og gætir þess að hafa fingurna þétt saman. Í hinni aronítísku blessun leggur hinn vígði þjónn hendur yfir söfnuðinn. Þess vegna lyftir hann höndum hærra, styttir bilið á milli lófanna og vísar þeim meira fram. Þannig minnir hann sig og aðra á hlutverk blessunarinnar sem Móse tók með sér niður af Sínaí fjalli forðum: „Þannig skulið þið leggja nafn mitt yfir Ísraelsmenn og ég mun blessa þá“ (4Mós 6.27). Í lok blessunarorðanna gerir vígði þjónninn krossmark yfir söfnuðinn að hætti Vesturkirkjunnar. Í stað hinna hefðbundnu handahreyfinga er hinum vígðu heimilt að þjóna alla athöfnina eftir atvikum með luktum lófum á brjósti eða hafa hendur á altarinu. Mestu máli skiptir að hreyfingarnar séu fumláusar, eðlilegar og ákveðnar og að hin vígðu séu sjálfum sér samkvæm í hreyfingum sínum í helgihaldinu.

Ólíkar áherslur helgihaldsins

Helgihald íslensku þjóðkirkjunnar er fjölbreytt. Ólíkir einstaklingar með margbreytilegar þarfir sækja guðsþjónustuna. Ákveðnir þættir þurfa að vera til staðar í hverri messu. Þeir eru: Orð ritningarinnar og útlekking þess, söngur, bæn og tilbeiðsla. Þessir þættir skapa festu og samhljóm milli safnaða, en þau sem leiða helgihaldið hafa einnig svigrúm til að laga það að þörfum þeirra sem taka þátt í því.

Flokka má guðsþjónustur á fjóra vegu eftir áherslum og miðlun sem þar sitja í fyrirrúmi við tilbeiðsluna. Hin fyrsta er hin hefðbundna lúterska guðsþjónusta sem gefur sérstakan gaum að þjónustu Orðsins og fræðsluna um kristindóminn. Önnur er hin safnaðarmiðaða guðsþjónusta þar sem borðsamfélag safnaðarins og díakonían sitja í fyrirrúmi. Hin þriðja er síðan hin listræna guðsþjónusta, sem tengir saman menningu, trú og listir á breiðum grunni og höfðar til margra skilningarvita. Fjórða víddin er tækniguðsþjónustan sem nýtir sér nútímatækni til að auka aðgengi að guðsþjónustunni, t.d. með lýsingu, skjávörpum, sínum,

smáforritum o.s.frv. Hver guðsþjónusta tekur að jafnaði mið af fleiri en einum af þessum áherslum.

Bækur helgihaldsins

Í bókum helgihaldsins má finna grundvallaratriði kenningar og trúarlífs kirkjunnar í samræmi við evangelísk-lúterskan arf hennar sem byggir á játningum hennar. Sálmaþókin geymir söng og sálma safnaðarins ásamt bænabók fyrir bænaliíf einstaklingsins. Handbókin inniheldur bænir, játningar og aðra helgisiði og gefur fyrirmæli og leiðbeiningar um guðsþjónustuhald og kirkjulegar athafnir. Lesið er úr Biblíunni í sérhverri guðsþjónustu og hún er grunntónn alls þess sem fram fer í kirkjunni. Guðspjallabókin hefur um langt skeið verið prentuð sem hluti handbókarinnar á Íslandi, en er prentuð sem sérstök bók í systurkirkjunum. Hún inniheldur allar kollektubænir og upplýsingar um hvaða ritningarlestra kirkjuársins eigi að lesa í helgihaldinu hverju sinni. Auk bókana sem hér hafa verið nefndar styðst helgihaldið við kirkjuréttinn sem myndar lagaramma og setur þjónustu kirkjunnar skipulagsskorður. Meðal mikilvægustu réttarheimilda sem kirkjan hefur sjálf sett fyrir helgihaldið eru Samþykktir um innri málefni þjóðkirkjunnar (2009), auk stefna, starfsreglna og laga sem varða kirkju, kirkjuhús, kirkjugarða og kirkjulega helgisiði og athafnir. Loks má nefna hinar alþjóðlegu og samkirkjulegu yfirlýsingar, samþykktir og sáttmála sem íslenska þjóðkirkjan er aðili að.

Búnaður og skróði kirkjuhússins

Tímabilin í kirkjuárinu eiga sér táknræna liti, sem hjálpa til við að gera hinn heilaga tíma sýnilegan í guðsþjónustunni. Þessir litir setja svip sinn á skróða kirkjunnar. Lengst af áttu kirkjur á Íslandi eingöngu rauðan hökul og altarisklæði, sem nýtt voru árið um kring, en á síðari hluta 20. aldar fjölgaði kirkjuvefnaði í litum kirkjuársins. Litirnir geta komið fram í stólu og hökli, altarisklæði, klæði á prédikunarstól og þeim klæðum sem tilheyra kvöldmáltíðinni. Tákna hvíti liturinn Krist, sá rauði vísar til heilags anda og píslarvotta, sá græni til vaxtar og þroska, en sá fjólublái til iðrunar og íhugunar. Fleiri litir helgisiðanna eru notaðir í helgihaldi systurkirkna okkar og hafa verið notaðir til reynslu í söfnuðum þjóðkirkjunnar, ekki síst blái liturinn á aðventunni og á boðunardegi Maríu. Blátt er litur eftirvæntingar, undirbúnings sem litur Maríu í táknerfi kirkjunnar.

Altari er megineinkenni hvernar kirkju og minnir á návist Krists. Víða er svæðið kringum altarið markað með gráðum og knéfalli sem kropið er á. Altarisljósinn standa á stjökum, annað hvort á altarinu sjálfu eða næst því. Altaristafla eða útskorin altarisbrík er sums staðar eina listskreyting kirkju, á öðrum stöðum prýða gluggar austurvegginn og víða má finna fleiri skreytingar í kirkjuhúsum. Flestar kirkjur eiga einnig altarisross og sumar göngukross sem notaður er við inngönguna í guðsþjónustuna. Sums staðar er göngukrossinn gerður af birkigreinum og bundinn saman með snæri í fermingarstarfi í upphafi hvers nýs vetrar.

Prédikunarstóllinn er yfirleitt áberandi í lúterskum kirkjum og minnir á arf hennar sem kirkja Orðsins. Heimildir um þróun stólsins má rekja allt aftur til spádómsbókar Nehemía, þar sem Esra fræðimaður stóð á tréþalli og las upp úr lög málsbókinni og reis söfnuðurinn á fætur undir lestrinum (Neh 8.4). Vægi prédikunarinnar jókst mjög á hámiðöldum og að sama skapi urðu prédikunarstólarnir íburðarmeiri. Þessa áherslu á prédikunina tóku siðbreytingarmenn í arf. Í seinni tíð hefur áherslan aukist á að prédikunin sé í samhljómi við allt flæði messunnar og tengd altarisþjónustunni með sýnilegum hætti. Í þeirri viðleitni hafa systurkirkjurnar víða einfaldað umgjörð prédikunarinnar og er þeirri venju fylgt hér. Búa þarf svo um hnútana í öllu helgihaldi að boðun orðsins í lestrum, bænum söngvum og útlekkingu fái framgang og stuðning í litúrgísku ferli messunnar.

Auk altarisins og prédikunarstólsins er skírnarfonturinn þriðji megingripur hvernar kirkju og vísar til mikilvægis sakramentisins fyrir kirkjuna. Margar kirkjur eiga fallega könnu fyrir skírnavatnið og fer vel á að vatni sé hellt í fontinn rétt fyrir skírningina. Sé vatnskanna borin inn í upphafi guðsþjónustu er hún lögð við hlið skírnarfontisins þegar gangan kemur að honum. Nauðsynlegur búnaður kvöldmáltíðarinnar eru patína og kaleikur sem geyma brauð og vín. Margar kirkjur eiga skrín undir helgað brauð sem kallað eru ýmsum nöfnum, brauðöskjur, bakstursskrín eða huslker.

Dúkar helgihaldsins eru margir og ganga undir ýmsum nöfnum: Altarisdúkur, kristlíkamadúkur (korpóraldúkur), þerrur, palla (patínudúkur, kaleiksdúkur), bursa (kristslíkamahús) og kaleiksklæði (velum). Stærstur af dúkum helgihaldsins er altarisdúkurinn sem að jafnaði hylur borðplötu altarisins. Hátíðarmáltíð heimilanna fylgir venjulega dúkað borð og dúkurinn undirstrikar hátíðleika athafnarinnar. Þegar máltíð Drottins er borin á borð er ævinlega dúkur á altarinu. Auk altarisdúksins fylgja einnig minni dúkar máltíðinni. Kristslíkamadúkur er ferningslaga dúkur sem lagður er á mitt altarið undir kaleikinn og patínuna áður en efnin eru helguð. Þerra er aflangur lítill dúkur sem brotinn er í þrennt á lengdina. Þerrur eru tvær og misstórar. Sú stærri er lögð milli kaleiks og patínu og er nægilega stór til þess að ná frá yfirborði kaleiks allt að kaleiksstétt. Hin þerran er notuð til að þerra af kaleiksbrún þegar bergt er af kaleik. Þegar brauði er dýft í kaleik heldur sá/sú sem útteilir kaleik þannig á þerrunni að falli dropi af víni af oblátunni þá falli hann á þerruna. Ofan á patínuna er lagður dúkur sem klæðir ferningslaga spjald sem kallað er palla. Margar eldri kirkjur eiga fallega útsaumaða dúka sem eiga upphaf sitt í kristslíkamadúknum sem efni og áhöld standa á en fengu síðar það hlutverk að vera lagðir ofan á kaleik og patínu og tóku að draga nafn sitt af því.

Víða eiga kirkjur skróða og altarisklæði í litum kirkjuársins sem nýtt eru við kvöldmáltíðina. Annað er harðspjaldaferningur sem samkvæmt hefðinni heitir bursa en er einnig kallað kristslíkamahús á íslensku af því að það geymir kristslíkamadúkinn. Hitt er kaleiksklæðið, velum sem lagt er ofan á kaleiksdúkinn og er látið hylja kaleik og patínu þegar gripirnir eru

ekki í notkun fyrir og eftir máltíðina. Eigi kirkjan kristslíkamahús er kristslíkamadúkurinn lagður í réttum brotum í það fyrir messuna og það svo lagt ofan á kaleiksklæðið. Ef ekki, þá er kristslíkamadúkurinn lagður í réttum brotum ofan á pöllu fyrir máltíðina.

Margar kirkjur eiga lespúlt. Lespúltið má nýta við ritningarlestur og til virkrar þátttöku óvígðra þjóna í að lesa og stýra völdum liðum guðsþjónustunnar. Hljóðfæri kirkjunnar, s.s. orgel og/eða píanó, eru farvegur kirkjutónlistarinnar og styðja við kirkjusönginn. Sálmanúmeratöflur segja fyrir um númer þeirra sálma sem syngja á við athöfnina. Bænastjaki þar sem tendra má kerti er kirkjugripur sem hefur verið tekinn í notkun í mörgum kirkjum. Áhöld útfararinnar eru reka (einnig nefnd prestaspaði) ásamt moldunarkassa með vígðri mold og kistustólum, sem einkum eru notaðir í litlum kirkjum í sveitum og smærri plássum, en þar sem eru útfararstofur leggja þær yfirleitt til pall á snúningsfæti. Ávallt er moldað með mold úr vígðum kirkjugarði og tengslin milli útfararinnar og grafreitsins þannig áréttuð í athöfninni.

Skrúði

Við helgiathafnir kirkjunnar koma vígðir þjónar fram sem þjónar og í umboði heilagrar kirkju. Skrúðinn er klæði sem vígður þjónn notar við helgiathafnir og sem endurspeglar þetta sérstaka umboð. Djákni sem leiðir helgihald er skryddur ölbu og stólu sem lögð er skáhallt yfir á hægri mjöðm (SIMÞ §XVI.16). Prestur sem leiðir helgihald er skryddur ölbu, stólu og hökli, eða hempu, kraga, rykkilíni, stólu og hökli (SIMÞ §XVI). Lindi (lat. *cingulum*) er oftast bundinn yfir ölbu og stólu í mittisstað (SIMÞ §XVI.6). Hlutverk lindans er að hemja ölbu og stólu svo skrúðinn sitji vel og fjúki ekki þegar gengið er í kirkju, eða flækist fyrir þjóninum. Lindinn er þannig tákn þeirrar aðgátar sem þau, sem bera lindann, þurfa að hafa á lífi sínu. Hann er langur, með hnútum eða skúfum, og er snúinn saman úr mörgum þráðum. Linda bregður þjónninn tvöföldum um sig og myndast þá lykkja á skúflausa endann, sem hægt er að smeygja um fingur sér, smeygja hnútóttu endunum í og herða að. Lindi er ekki notaður yfir rykkilín. Góð hirða þarf að vera á skrúða og þegar pípukragi er notaður á hann að vera hreinn og stífaður. Þau sem þjóna í helgihaldinu vandi klæðnað sinn og gæti þess að klæðaburður og skófatnaður sé snyrtilegur og stingi ekki í stúf við þá þjónustu sem inna skal af hendi.

Stólan og hökullinn eru í litum kirkjuársins. Hökullinn er sérstaklega tengdur altarisþjónustunni og kvöldmáltíðarsakramentinu. Hann er messuklæði og ekki á að nota hann fyrir aðrar athafnir en messuna (SIMÞ §XVI.12). Í messum þar sem heilög kvöldmáltíð er ekki borin á borð er presti heimilt að nota einungis ölbuna og stóluna (eða hempu, rykkilín og stólu) en sleppa höklinum. Í kirkjum þar sem skörp skil eru á milli kórsins og prédikunarstólsins fer því vel á að presturinn afklæðist höklinum þegar hann stígur í stólinn, en íklæðist honum aftur eftir prédikun þegar kvöldmáltíðarsakramenti er haft um hönd í guðsþjónustunni. Þegar presturinn prédikar frá altari, púlti eða kórðyrum, svo og í þeim

aðstæðum þar sem prédikunarstóll myndar hluta af kórnum, er heimilt að prédika í höklinum. Hér eru kirkjulegar venjur og táknmál um notkun hökulsins lagaðar að aðstæðum á hverjum stað.

Syndajátning

Syndajátning (*lat. confiteor*, þ.e. ég játa) á heima í fyrsta hluta messunnar. Þannig var henni komið fyrir í messunni á miðöldum, í móðurmálmessu Lúthers (*Deutsche Messe*) og í Grallaranum allt til loka 18. aldar. Þegar áherslan á opinbera aflausn synda varð sterkari í messunni í upphafi 19. aldar var syndajátningin í upphafi messu felld niður, en játning þess í stað lesin af stól sem áminning á undan kvöldmáltíðarsakramentinu. Þegar syndajátningin var tekin upp aftur í Handbókinni 1981 var heimilað að flytja hana í upphafi, en meginreglunni haldið að játa syndirnar í upphafi altarisgöngu í samræmi við venjur 19. og 20. aldar og flytja aflátsorð hinna opinberu skrifta. Í þessari handbók er syndajátning færð til fyrri staðar í samræmi við áherslur systurkirkna og forna litúrgíska hefð. Þar sem ekki er um skriftir að ræða eru ekki flutt aflausnarorð, heldur ritningarorð sem fullvissa söfnuðinn um fyrirgefningu Guðs, og sá sem leiðir syndajátninguna lyftir ekki hægri hönd sinni þegar hann svarar söfnuðinum. Í sérstökum tilvikum, t.d. þegar skírt er í upphafi messu, má flytja syndajátninguna á eftir almennri kirkjubæn eins og gert var í Handbókinni 1981. Fleiri syndajátningar má finna í viðauka.

Framsögn

Mikilvægt er að hið talaða og sungna orð heyrast vel í helgihaldinu. Þau sem taka þátt í helgihaldinu þurfa að æfa allan lestur vel, lesa hæfilega hratt og með réttum áherslum. Eftir því sem kirkjuhúsið er hljómmeyra er mikilvægara að tala hægt og leyfa ómnum að berast. Hafa ber í huga að raddstyrkur einn og sér nægir ekki til að orðið berist um kirkjuna, heldur þarf einnig að bera sérhljóða og samhljóða orðanna skýrt og greinilega fram. Sérstök ástæða er til að nefna gildi þagnarinnar fyrir helgihaldið. Þau sem biðja bænir í helgihaldinu ættu að leyfa anda rósemi, friðar, lotningar og íhugunar að setja svip sinn á bæn og tilbeiðslu, en forðast sönglanda. Þegar flutt er hugvekja eða prédikun í kirkju talar ræðumaðurinn frá eigin brjósti og leitast eftir agnsambandi við viðmælendurna. Kveður þá gjarnan við annan og persónulegri tón í látbragði og framsögn en þegar fluttir eru ritningarlestrar og bænir.

Undirbúningur kvöldmáltíðar

Þakkargjörðin öll, ásamt innsetningarorðunum, er helgunarbæn sakramentisins. Atferli í þessum lið messunnar tekur mið af atferli Jesú við hina síðustu máltíð, þegar hann tók brauð og vín, þakkaði og gaf lærisveinum sínum. Margir þessir hættir tengjast undirbúningi athafnarinnar og flestir valkvæðir. Presturinn undirbýr kvöldmáltíðarsakramentið meðan sálmurinn friðarkveðju er sunginn eftir friðarkveðjuna.

Gömud venja er að prestar þvói hendur sínar fyrir kvöldmáltíðina og hafi þá þerru og skál með vatni á altarinu til þess. Einnig hefur færst í vöxt að prestar þvói hendur sínar úr sótthreinsandi vökva áður en gengið er til kvöldmáltíðar.

Við kvöldmáltíðina er að jafnaði notað ósýrt brauð, oblátur, en einnig má nota venjulegt (helst ósýrt) brauð, svo og glútenfrítt brauð. Einnig fer vel á að nota venjulegt brauð, gjarnan ósýrt, við kvöldmáltíðina. Ósýrt brauð minnir á páskamáltíð gyðinga og þar með síðustu kvöldmáltíð Jesú og lærisveinanna. Í Nýja testamentinu er ósýrt brauð einnig notað sem táknmál um hreinleika og hinn nýja sáttmála sem Kristur færir (Matt 16.16, 1Kor 5.7). Þunnar hveitioblátur henta illa fyrir ídýfingu við altarisgöngu og betra væri að nota þykkri gerð. Eftir því sem oblátur eru minni og þynnri eykst hættan á að fingurnir fari í vínið. Ástæðulaust er að horfa framhjá því að meiri smithætta er á fingrum en vörum. Sjálfsagt er að hvetja til þess að bakað sé altarisbrauð eins og auðvelt er að gera. Heimilt er að nota brauð sem bakað er með venjubundinni lyftingu, enda líkir Jesús himnaríki einnig við súrdeigsbakstur konu (Matt 13.33). Venjulegt brauð hefur sterkt skynrænt gildi (sjón og bragð) umfram oblátur. Leiðbeiningar sem sendar voru út um brauðbakstur í aðdraganda Kristnihátíðarinnar 2000 eru enn til og í fullu gildi.

Við heilaga kvöldmáltíð er notað vín, rautt eða hvítt, sem táknar ávöxt vínvíðarins í síðustu máltíð Krists með lærisveinum sínum. Rautt vín hefur að mestu tíðkast hér á landi, en hið hvíta fer betur með dúka og er jafngilt hinu rauða. Óáfengt eða áfengisskert vín má gjarnan nota og einnig er heimilt að nota óáfengan þrúgusafa í altarisgöngu. Sé ekki notað venjulegt vín eða alkóhólskert, til dæmis vegna takmarkaðs geymslupols, er unnt að nota styrkt vín, t.d. sérrí eða þúrtvín. Hefð er fyrir því að vatn sé sett í vínið áður en kvöldmáltíðin hefst og er það valkvætt. Á dögum Jesú var vín blandað með vatni og síðurinn minnir þannig á það sem Jesús gerði við síðustu kvöldmáltíðina. Önnur rök fyrir atferlinu hafa fyrst og fremst verið hagnýt, að drýgja vín, eða til að minnka áfengismagn þegar styrkt vín er notað.

Borðhald

Nefndin hefur ákveðið að senda út formin til reynslu með orðalaginu „Takið og borðið“ í stað „Takið og etið“ í Innsetningarorðunum. Ástæðurnar eru tvíþættar. Ein af meginreglunum sem nefndin setti sér var að tungutak ætti að vera aðgengilegt og skiljanlegt. Á íslensku er gerður greinarmunur milli áts hjá mönnum og dýrum, en sá greinarmunur er óðum að tapast í máltilfinningu þjóðarinnar. Seinni ástæðan fyrir tillögunni er sú að nefndin vill varðveita áhersluna á kvöldmáltíðina sem borðhald. Orðin eru sótt í Mattheusarguðspjall 26.26 (gr. *Λάβετε φάγετε*) og hafa verið þýdd sem „Takið og etið“ á íslensku. Innsetningarorðin í heild sinni eru samkvæmt hefð kirkjunnar ekki bein tilvitnun í tiltekið rit Biblíunnar. Þau vísa í frásagnir samstofna guðspjallanna af síðustu kvöldmáltíðinni (Matt 26.26-27, Mrk 17-20, Lúk 14.20) en kalla einnig fram myndir af frásögnunum af metnun fjöldans

(Matt 14.13-21, Matt 15. 32-39, Mrk 6.31-44, Mrk 8.1-9, Lúk 9.12-17 og Jóh 6.1-14) og brotningu brauðs í Emmaus (Lúk 24.30).

Heilög kvöldmáltíð fer fram í Jesú nafni, tengist sérhverri máltíð sem mætir líkamlegum og félagslegum þörfum okkar og er áminning um skort og gnótt veraldar. Hún minnir á jörðina sem Guð hefur skapað og sem við þiggjum allt okkar af. Orðalag sem tengist og minnir á raunverulega og hversdagslega matarvenju, líkt og einfaldlega orðalagið að „borða“ eða „drekka,“ er því af hinu góða. Í orðum Marteins Lúthers um neyslu sakramentisins kemur fram að það sé sálin sem þiggi brauð og vín en líkaminn meðtaki efnin algjörlega og fullkomlega líkamlega og bragðar á þeim með tungu og tönnum. Lúther vísar í Sálmi 34 máli sínu til stuðnings, sem þannig er þýddur í Guðbrandsbiblíu: „Smakki þér og sjáið hversu Drottinn hann er ljúfur.“ Áherslan á kvöldmáltíð sem borðhald birtir frelsarann í brauði og víni, vegna sálarinnar og líkamans.

Krossmark

Lúterska kirkjan játar hina raunverulegu nálægð Jesú Krists í sakramentinu en tiltekur ekki hvenær í þakkargjörðinni brauð og vín verður líkami og blóð Krists. Í eldri íslenskum helgisiða- og handbókum frá og með *Sálmakveri* Marteins Einarssonar árið 1555 er hvergi minnst á krossmark nema í skírnarrítúalinu. Í *Messubók* Sigurðar Pálssonar vígslubiskups frá 1961 var í fyrsta sinn í íslenskri handbók mótmælenda sett krossmark þegar Innsetningarorðin voru lesin. Það var gert yfir brauðinu þegar presturinn sagði „þetta er líkami minn...“ og yfir víninu þegar sagt var „þetta er blóð mitt...“. Í *Handbók íslensku kirkjunnar* 1981 segir að prestar eigi að gera krossmark yfir efnunum í hvort sinn sem lesið er „gerði þakkir...“ í Innsetningarorðunum. Hver siður um sig byggir á langri hefð meðal þeirra mótmælenda sem á annað borð nota krossmarkið. Í þessum handbókardrögum er gert ráð fyrir frelsi prestsins til að gera krossmarkið undir orðunum „gerði þakkir...“ eða „þetta er...“. Sameiginlegur grundvöllur flestra mótmælendakirkna er að Innsetningarorðin í heild séu helgun efnanna vegna orða Jesú Krists og fyrirheits hans um nálægð hans sem undirstrikuð er með orðum hans: Gerið þetta í mína minningu (gr. *anamnesis*). Hið helgandi krossmark sem prestinum er falið að gera sé einungis til þess að leggja sýnilega áherslu á helgunina, söfnuðinum til handa. Þess vegna hafa ýmsir prestar þann sið, bæði héraðs og erlendis að snúa sér til safnaðarins með efnin undir innsetningarorðunum þegar altarið er upp við vegg og fara með orðin utanað. Sé þetta gert þarf presturinn að hafa einhvern sér til aðstoðar sem réttir honum patínuna við brauðorðið og kaleikinn við kaleiksorðið svo að hann hafi aðra höndina lausa til að gera krossmarkið.

Að gera krossmark kemur að góðum notum sem sýnilegt tákn þegar útdeilt er á fleirum en einum stað í kirkjunni og því lesið yfir meira en einni patínu og kaleik. Margir prestar undirstrika á táknrænan hátt að allt brauðið og vínið sem fram er borið er helgað í

þakkargjörðinni með því að gera krossmark yfir hvern kaleik og patínu. Önnur brjóta hluta af brauðinu sem lyft er upp og leggja á hinar patínurnar, en láta örliða mylsnu falla í kaleikinn.

Upphald

Sú venja að lyfta upp brauði og víni í innsetningarorðunum og brauði og kaleik saman í niðurlagi þakkargjörðarbænarinnar varð algeng í kirkjunni í byrjun þrettánda aldar. Marteinn Lúther vildi halda upphaldið þrátt fyrir að hann hafnaði fórnarskilningi kaþólsku kirkjunnar vegna þess að með því væri minnt á raunverulega nálægð Jesú Krists í brauði og víni. *Handbók íslensku kirkjunnar* frá 1981 heimilar upphaldið en leggur það ekki beinlínis til. Gert er ráð fyrir því að þessi heimild haldist óbreytt í nýrri *Handbók* með sömu rökum og hjá Lúther. Í niðurlagsorðum þakkargjörðarbænarinnar má presturinn halda kaleik í vinstri hendi og á einni oblátu yfir kaleiknum, lóðrétt, með hinni hægri meðan hann segir: „Fyrir hann, með honum og í honum ...“ Hefð er fyrir því að kalla upphafningu brauðs og víns í samhengi innsetningarorðanna sem upphald hið meira (lat. *elevatio major*), en upphald brauðs og víns í lok þakkargjörðarbænarinnar hið minna (lat. *elevatio minor*) og hafa að sama skapi upphaldið hærra í fyrra en seinna skiptið.

Brotning brauðsins

Í *Handbók íslensku kirkjunnar* frá 1981 er sagt að allt atferli við heilaga kvöldmáltíð taki mið af háttum Jesú við síðustu kvöldmáltíðina, sem tók brauð og vín, þakkaði og gaf. Margar kirkjur hafa einnig gefið gaum að fjórða atriðinu sem nefnt er í textum síðustu kvöldmáltíðarinnar mettunarfrásögunni og Emmaussögunni, þ.e. að Jesús braut brauðið og blessaði það. Þannig horfir hinn kristni söfnuður til hans, hins krossfesta og upprisna sem eitt samfélag tilbeiðslunnar, en lítur um leið til sköpunarinnar allrar og þeirra sem skortir mat og þurfa aðgang að gjöfum safnaðarins til að lifa góðu lífi. Í þessu samhengi er vert að minna á að líkingin sem hann notar um sjálfan sig við hina síðustu máltíð þegar hann segir: „Þetta er líkami minn“ á við brauðið sem þegar er brotið. Hinn óbrotni hleifur minnir á eininguna í Kristi og hið brotna brauð minnir einnig á að láta þau sig varða sem lifibrauðið skortir. Guðfræði tilbeiðslunnar, umhverfisins og náungakærleikans kemur saman í brotningu brauðsins og vegna hennar telur Handbókarnefndin æskilegt að brauð sé brotið í guðspjónustunni.

Hið brotna brauð og bikar blessunarinnar kemur fyrir í fyrra Korintubrési og gefur vísbendingar um að brotning brauðsins hafi verið hluti af kvöldmáltíðarsíðum frumkirkjunnar (1Kor 10.16). Elstu heimildir um brotningu brauðsins sem sjálfstæðan lið í messunni eftir þakkargjörðarbæn og Faðirvor eru frá fjórðu öld eftir Krist. Var Guðs lamb sungið undir brotningu brauðsins að minnsta kosti frá byrjun áttundu aldar. Áhersla á brauðsbrotninguna minnkaði þegar farið var að baka oblátur á áttundu öld, enda litið svo á að brauðið væri

þegar brotið. Á níundu öld skapaðist sú venja að presturinn gerði brest í brauðið undir Innsetningarorðunum þegar hann sagði „...braut það“. Sá siður varð síðan hitamál milli rómversk-kaþólskra, lúterskra og reformertra vegna ólíks skilnings á altarissakramentinu. Ágreiningurinn varð til þess að reformertir brutu brauðið undir Innsetningarorðunum, en rómversk-kaþólskir lögðu af brestinn undir Innsetningarorðunum og halda sig við að brjóta brauð undir söngnum um Guðs lamb á undan útdeilingunni. Enska biskupakirkjan og fleiri anglíkanskir kirkjur erfðu hins vegar brotningu brauðsins undir Innsetningarorðunum frá reformertum.

Hin mikla skautun á siðbreytingaröld sem undirstrikuð var með ólíkum helgisiðum kirknanna hefur nú dvínað fyrir samkirkjuleg áhrif, yfirlýsingar og samþykktir. Af samþykktum og yfirlýsingum sem íslenska þjóðkirkjan er aðili að eru Porvoo yfirlýsingin og Leuenberg samþykktin. Sátttaumleitanir og nýr skilningur á viðhorfum trússystema hafa leitt til aukins skilning og virðingar ásamt endurnýjun á hátterni sem varðar kvöldmáltíðarsakramentið í mörgum kirkjum. Þannig hafa ýmsar systurkirkjur þjóðkirkjunnar á borð við norsku, sænsku og hina evangelísk-lútersku kirkju í Bandaríkjunum (ELCA) ásamt ensku biskupakirkjunni tekið upp brotningu brauðsins á undan Guðs lambinu í sínum nýjustu messuformum. Þegar brauðið er brotið hjá systurkirkjum okkar er annað hvort er notuð hostía (stór og þykk obláta sem er ósýrt brauð) eða brauðhleifur (sýrt brauð eða ósýrt brauð). Þegar brauðið er ekki brotið, þá er það vegna þeirrar túlkunar að oblátur séu brotið brauð.

Tillaga Handbókarnefndar í sinni einföldustu mynd er að setja inn leiðbeiningu í messuformin undir Guðslambinu um að hér megi brjóta brauðið og benda síðan á valkosti í viðauka þar sem gera má brauðsbrotningunni hærra undir höfði.

Útdeiling

Aðeins þau sem hlotið hafa prestsvígslu í þjóðkirkjunni eða kirkju sem þjóðkirkjan hefur borðsamfélag við geta veitt altarissakramentið í þjóðkirkjunni. Ef djákni aðstoðar við útdeilingu útdeilir hann víninu. Hver sá sem er skírður og tilheyrir þjóðkirkjunni eða söfnuðum sem hún er í borðsamfélagi við getur aðstoðað við útdeilingu altarissakramentisins með því að útdeila víninu.

Útdeilingaraðferðir hafa breyst mikið á undanförunum árum. Auk hinna hefðbundnu útdeilingarorða „Líkami Krists, lífsins brauð“, „blóð Krists, bikar lífsins“ má einnig nota styttri útgáfu útdeilingarorðanna, þ.e. „Líkami Krists“ og „Blóð Krists“. Þegar prestur útdeilir brauði og víni í einu lagi í munn þeirra sem til altarisins koma getur hann sagt: „Líkami og blóð Krists“.

Sú aðferð við útdeilingu, að þau sem neyta krjúpi á altarisgráður og taki á móti brauði í munn og bergi síðan á kaleik, er að mestu horfin. Þótt bergt sé á kaleiknum er brauðið yfirleitt lagt í lófa þess sem kemur til altaris. Nú er það atferli algengast við útdeilingu að leggja brauðið í

lófa þess sem neytir og viðkomandi dýfir sjálf(ur) brauðinu í vínið. Þótt berging af kaleik sé á undanhaldi er söfnuðinum heimilt að drekka af kaleiknum og liggja fyrir því hin sögulegu rök að líkt sé eftir atferli Jesú Krists í kvöldmáltíðarsakramentinu.

Í heimsfaraldrinum sem hófst árið 2020 sköpuðust miklar umræður um skynsamlegt háttarni sem ekki skapaði aukna smithættu. Sú umræða gefur tilefni til að vikið sé að smitvörnum í þessari leiðbeiningu. Þegar útdelt er af kaleik þarf að gæta þess að halda honum þannig að þau sem til altaris koma sjái vínið og þurfi ekki í blindni að dýfa þangað til þau finna vínið á fingrum sér. Þegar það gerist er týnd sú varnaðaraðgerð gegn smitsjúkdómum sem er ein meginforsenda ídýfingarinnar. Auk áður nefndrar leiðar við útdelingu má einnig nefna þá venju að prestur hafi sér messubjón við hlið sem heldur á kaleiknum. Prestur dýfir sjálfur brauðinu í vínið og útdelir í einu lagi í munn viðkomandi. Sem undirbúning fyrir faraldra framtíðar og heilbrigðissjónarmið almennt má hafa þessa aðferð í huga, ekki síður en útdelingu víns í sérþikurum.

Sú aðferð að þau sem vilja vera til Guðs borðs myndi eina röð og gangi eitt og eitt fyrir þau sem útdela og gangi síðan til baka til sætis er að verða algengust. Standa þarf vörð um fyrri hefð að söfnuður eigi einnig kost á að krjúpa fyrir framan altarið og t.d. hægt að hafa þann háttinn á á lönguföstu. Samfélagið sem myndast í hópnum sem krýpur saman (eða stendur) er dýrmætt, hvort sem það er gert þannig að sá/ sú sem þegið hefur sakramentið rís á fætur og rýmir fyrir þeim næsta, eða allur hálfhringurinn bíður og stendur allur upp í einu og er sendur frá altarinu til dæmis með orðunum „Farið í friði“. Þegar kropið er við grátur er heimilt að gera krossmark með kaleiknum og mæla fram „Jesús Kristur hinn krossfesti ...“ í samræmi við eldri venju.

Þegar foreldrar og forráðamenn bera barn sitt til altarisins undir útdelingu og óska ekki eftir að þau fái sakramentið getur presturinn blessað barnið með því að leggja hönd á höfuð þess og haft yfir orðin: „Drottinn varðveiti þig í skírnarnáð þinni til eilífs lífs“. Eins getur presturinn lagt hönd á höfuð fulltíða fólks sem kemur til altarisins en treystir sér ekki til að taka við efnunum og haft yfir sömu orð.

Þegar efni þrýtur og þegar afgangur verður af efnunum

Prestar veita sakramentunum forstöðu og ber því að sjá til þess að efnunum, vatni, brauði og víni, sé sýnd virðing undir og eftir útdelingu. Við minnumst Krists og mætum Kristi þegar við brjótum saman brauðið. Af þessum sökum er mikilvægt að leggja natni við það hvernig búið er um gripi altarisins og hvernig gengið er frá því sem af gengur. Þegar helga á brauð og vín er æskilegt að áætla hversu mörg komi til altaris og helga brauð sem nærri kemur. Ef brauð gengur af í kvöldmáltíðarsakramentinu er það lagt í brauðöskjurnar að messu lokinni, en ekki blandað saman við ónotuð efni. Ef brauðið reynist of lítið má drýgja það með því að brjóta

obláturnar niður, og má nýta einnig það helgaða brauð sem fyrir er í brauðöskjunum. Eigi kirkjan ekki sérstaka öskju undir helgað brauð fer best á því að prestur og meðhjálpari borði það brauð sem eftir verður eftir athöfnina. Þegar gengið er til altaris við kórðyr má deila út brauðinu beint úr brauðöskjunum í stað patínunnar til að forða því að það falli á gólfíð.

Þrjóti brauð alveg má biðja eftirfarandi bænir yfir brauðinu: „Heilagi Guð, lát þetta brauð verða lífsins brauð fyrir þinn heilaga anda í samræmi við boð sonar þíns: Þetta er líkami minn.“

Sé vínið að þrotum komið er hefð fyrir því að blanda afganginum af vígðu víni saman við hið óvígða. Þrjóti vínið alveg má biðja þessa bæn yfir víninu: „Heilagi Guð, lát þetta vín verða bikar blessunarinnar fyrir þinn heilaga anda í samræmi við boð sonar þíns: Þetta er kaleikur hins nýja sáttmála í mínu blóði.“

Afgangsvín skal drukkið eða því hellt í mold, eða kirkjugrunn, en aldrei í niðurfall. Kaleik á undantekningarlaust að þvo eftir altarisgöngu.

Inngilding í helgihaldi

Guðsþjónustan er öllum opin á þeirra eigin forsendum og laga þarf helgihaldið að aðstæðum á hverjum stað. Inngilding er hugtak sem er notað um þann sið að viðurkenna jafnræði fólks án tillits til færni, sjálfsmyndar, menningar og hvar það er statt í þroska. Inngilding í helgihaldi miðar að því að alltaf sé gert ráð fyrir fjölbreytileika safnaðarins við undirbúning og framkvæmd heilagrar þjónustu. Inngilding situr í fyrirrúmi í kærleiksþjónustu kirkjunnar og þess vegna skiptir kærleiksþjónustusýn á guðsþjónustuna miklu máli.

Algild hönnun tekur til þess að gera húsnæði aðgengilegt fyrir sem flesta hópa, t.d. með skábrautum, hjólastólaaðgengi í öllum almennum rýmum að salernum meðtöldum og hurðaopnurum. Í almenningsrýminu þarf að gera ráð fyrir aðstæðum kynsegin og trans fólks með kynhlutlausum salernum. Kirkjuhús fyrri tíðar skapa mörg hver sérstakar áskoranir varðandi hljóðvist og aðgengi. Hljóðvistarmálum er víða mætt með hljóðkerfum og mikilvægt að þau séu rétt notuð og vel við haldið. Erfitt aðgengi getur valdið því að þau sem hafa skerta færni, eiga erfitt með að ganga upp tröppur, standa lengi eða krjúpa, hafi minni tækifæri en önnur á að taka þátt. Að þessu leyti snýr inngildingin ekki aðeins að húsnæði eða öðrum ytri aðstæðum, heldur einnig að því hvernig siðirnir eru skipulagðir og inntir af hendi í kirkjuhúsinu. Forðast skal sérlausnir sem draga fram skort á færni hjá þeim sem sækja helgihaldið. Þar sem aðgengi að kórnum er ekki gott getur það auðveldað inngildinguna safnaðarins í kirkjum að útdeila brauðinu úr kirkjuskipi eða kórðyrum í stað þess að kalla fólk upp að altari og ganga síðan á eftir niður til þeirra sem nota hjólastól.

Huga þarf sérstaklega að þörfum barna og unglinga í guðsþjónustunni. Það er m.a. gert með því að þau njóti guðsþjónustu sem hæfir þroska þeirra og að þau hafi möguleika á að taka

þátt í þjónustunni sem virkir þátttakendur. Sem dæmi um slík hlutverk sem tengjast inngildingunni er að útbúa iðju fyrir börn í guðsþjónustunni, t.d. með sérstöku barnahorni í kirkjuskipinu, eða með því að útbúa litlar töskur til láns börnum með leikföngum sem þau geta nýtt sér, t.d. undir prédikun.

Hafa þarf hugfast að táknmál er móðurmál margs fólks og að guðsþjónusta með táknmálstúlkun krefst undirbúnings þar sem allt sem fram fer í guðsþjónustunni er sent út fyrir fram. Koma má til móts við þarfir þeirra sem tala önnur tungumál en íslensku, t.d. með því að ritningarlestrar og/eða bænir séu lesnir á fleiri tungumálum en íslensku. Þá er t.d. hægt að endurtaka það sem sagt er á íslensku eða, í þeim kirkjum sem nota skjávarpa, að varpa öðru tungumálinu á vegginn en lesa á hinu.

Hlutverk vígðra í guðsþjónustunni

Í guðsþjónustunni tekur söfnuðurinn við gjöf Guðs og verki meðal okkar. Þess vegna er guðsþjónustan er þjónusta fólksins og þjónustan við fólkið (gr. *leitourgia*). Hún er einnig samvinnuverkefni safnaðarins, þar sem þjónarnir gegna ólíkum hlutverkum. Hlutverkaskipan byggir annars vegar á kenningu Lúthers um hinn almenna prestdóm allra hinna skírðu og þeim embættisskilningi sem birtist í Samþykktum um innri mál þjóðkirkjunnar og þeim starfsreglum og játningum sem samþykktirnar byggja á.

Hin vígða þjónusta í kirkjunni er köllun til þjónustu í söfnuði Krists. Frá öndverðu og til þessa dags er þjónustan afhent með vígslu. Þar lýsir kirkjan því yfir að hún lifir í samhengi postulanna og að þau sem þiggi vígslu séu sérstaklega kölluð og frátekin til að varðveita trúna á þeim grundvelli. Með sérþjónustu kirkjunnar, svo sem á sjúkrastofnunum og í fangelsum, leitast kirkjan við að sinna þeirri kirkjulegu þjónustu sem vart er unnt að veita á vettvangi sóknanna (SIMP §II).

Hin vígðu þiggi hlutverk sitt í vígslunni og eru send frá altarinu út í heiminn. Þau bera síðan málefnið og verkin aftur að altarinu í guðsþjónustunni (SIMP §XI). Hið vígða hlutverk djákna og presta er sýnilegt á ýmsan hátt í guðsþjónustunni, í skróða hinna vígðu þjóna, í litúrgískum hreyfingum sem sérstaklega tengjast vígðri þjónustu og með þjónustunni fyrir altarinu.

Í Innri samþykktunum segir að þjónustan sé ein, en mismunur sé á umboði biskups, prests og djákna (SIMP §XI). Í samþykktunum kemur fram að sóknarprestur og sóknarnefnd beri ábyrgð á því að guðsþjónusta fari fram (SIMP §XI.11). Sóknarprestur geti falið djákna að leiða guðsþjónustu í umboði sóknarprests, en að óvígður fulltrúi safnaðarins geti leitt guðsþjónustu að fengnu samþykki biskups (SIMP §XI.7). Íhuga þarf hvort færa eigi hvort tveggja umboðið til sóknarprestisins.

Prestur veitir sakramentunum forstöðu og leiðir því yfirleitt messuna (SIMP §III.8). Þegar prestur, djákni og/eða óvígður fulltrúi safnaðarins leiða saman messu, þá flytur presturinn að

jafnaði prédikunina, enda er það megin skylda prestsins að prédika (SIMÞ §III.19). Láti prestur öðrum eftir að prédika, þá ber hann ábyrgð á því að það sé í samræmi við boðskap og trú kirkjunnar (SIMÞ §III.23). Presturinn skírir að jafnaði börn en í neyðartilfellum getur hvern kristinn karl eða kona skírn barn skemmri skírn (SIMÞ §III.8). Presturinn sér um aðrar kirkjulegar athafnir, fermingu, hjónavígslu og útför (SIMÞ §III.9).

Djáknaþjónustan í íslensku þjóðkirkjunni er sérstaklega tengd fræðslu, jafnræði, umönnun, inngilding, sjálfböðinni þjónustu og virðingu fyrir sköpunarverkinu. Þess vegna fer vel á því að djákni axli sérstaka ábyrgð í helgihaldinu þegar fræðsluhlutverkið er í fyrirrúmi, t.d. í fjölskyldumessum, skírnarfræðslu, helgihaldi sem tengist fermingarstörfunum og því sem tengist samstarfi við skóla og leikskóla. Hið sama má segja um guðsþjónustur þar sem kærleiksþjónustan er í fyrirrúmi, svo sem á degi díakoníunnar og á tímabili sköpunarverksins. Við guðsþjónustur þar sem fræðsla og díakonía skipa sérstakan sess ætti djákninn, fræðslufulltrúi og þau óvígðu í söfnuðinum, sem huga sérstaklega að markmiðum fræðslu og díakoníu, að taka þátt í undirbúningi og framkvæmd. Vel fer á því að djákni annist prédikun í guðsþjónustum þar sem lögð er áhersla á fræðslu og kærleiksþjónustu. Almenn kirkjubæn er sá liður í helgihaldinu sem djáknar geta haft mikil áhrif á. Sé prestur ekki til staðar getur djákni leitt guðsþjónustu og komið með beinum hætti að ólíkum liðum hennar, en ekki haft sakramentinn um hönd án þátttöku prests. Í þeim guðsþjónustum sem djákni leiðir er gjarnan lögð áhersla á fyrirbæn og fræðslu. Djákni getur annast kistulagningu, húskveðju og jarðsetningu duftkers (SIMÞ §III.9-10).

Hlutverk óvígðra starfsmanna og fulltrúa safnaðarins í guðsþjónustunni

Samstarf vígðra og óvígðra fulltrúa safnaðarins við helgihaldið gerir almenna prestdóminn sýnilegan, styður við samfélagið í Kristi og lækkar þröskuld þeirra sem sækja helgihaldið til að taka þátt. Óvígðir fulltrúar safnaðarins á öllum aldri, af ólíkum kynjum og með ólíkan félagslegan og menningarlegan bakgrunn, ættu að koma að þjónustunni, til dæmis við að leiða messuliði í upphafi guðsþjónustu, bera fram bænir safnaðarins í almennri kirkjubæn og við útdeilingu kvöldmáltíðarsakramentisins ásamt presti. Ennfremur getur einhver úr þeirra hópi leitt guðsþjónustu safnaðarins í umboði og á ábyrgð sóknarprestis í undantekningartilvikum þegar prestur eða djákni eru ekki til staðar. Óvígðir fulltrúar safnaðarins hafa ekki sakramentinn um hönd án þátttöku prests. Vel fer á að óvígðir þjónar leiði tiltekna liði guðsþjónustunnar og þá sérstaklega samkomuhlutann í upphafi og almennu kirkjubænina. Hafi vígður þjónn ekki sérstakt hlutverk í liðum sem leiddir eru af öðrum fer vel á að hann sitji í sæti sínu undir altarinu, en gangi ekki fyrir altari.

Kirkjutónlistin er listgrein á guðfræðilegum grunni. Organisti ber sérstaka ábyrgð á miðlun kirkjutónlistarinnar og kórstjóri með kórum kirkjunnar veitir safnaðarsöngnum forstöðu.

Organistinn vinnur með þeim sem leiðir helgihaldið (sem í flestum tilvikum er presturinn) að undirbúningi guðsþjónustunnar, þar með töldu sálmaivalinu. Þekking organistans og kórstjórans á kirkjutónlistinni, safnaðarsöngnum, sálmaarfi og sálmafræði, messusvörunum, hljóðfæraleik og einsöng í helgihaldinu, auk tengsla við kóra og tónlistarstarf, skiptir þar miklu máli.

Hlutverk í eða í tengslum við guðsþjónustuna sem henta vel óvígðum fulltrúum safnaðarins eru margvísleg. Sum þeirra má einnig fela börnum og unglíngum að fengnu samþykki forráðamanna, t.d. sem hluti af því að virkja fermingarbörn til þátttöku í helgihaldi. Óvígðir fulltrúar safnaðarins, að fermingarbörnum meðtöldum, mega gjarnan bera þá kyrtla sem notaðir eru við fermingar við altarisþjónustu. Dæmi um hlutverk óvígðra þjóna eru þessi:

I. Koman

Aðstoða meðhjálparann við undirbúning athafnar, hringja klukkum, skryða þjóna helgihaldsins og taka þátt í skrudhúsbænum, bjóða fólk velkomið í upphafi messu, rétta sálmaþækur og messuskrár, bera inn ljós (ef kirkjan á ljósastíkur), kveikja á kertum, bera kross í upphafi guðsþjónustu, bera inn Biblíuna, bera inn vatnskönnu fyrir skírn og/eða skírnarminningu, biðja upphafsþæn, leiða samkomuliðinn sem er fyrsti hluti guðsþjónustunnar, flytja tilkynningar í upphafi, syngja forsöng í miskunnarþæn, syngja í kórnum, syngja einsöng eða leika á hljóðfæri.

II. Orðið

Lesi ritningarlestur, taka þátt í og leiða víxllestur, taka þátt í guðspjallsgöngu og bera ljós ef kirkjan á ljósastíkur, lesi guðspjall, leiða trúarjátninguna, skrifa og flytja almenna kirkjubæn, leiða hreyfingar í hreyfibænum og hreyfisöngvum, hjálpa þeim sem vilja nota bænastjakann eða safna samskotum.

III. Máltíðin

Hjálpa til við að láta friðarkveðjuna berast, bera brauð og vín af hliðaraltari fyrir kvöldmáltíðina, aðstoða prestinn við að halda á altarisgripunum ef hann kys að snúa fram undir Innsetningarorðunum, lesi bænir, sækja brauð og vín á altarið undir útdeilingu eða syngja forsöng í Guðs lambi.

Skírn

Hella vatninu í skírnarfontinn, halda á skírnarvottorði, rétta prestinum þerru eftir að barn hefur verið skírt, halda á kerti og setja á bænastjaka ef hann er til í kirkjunni eða í kertastjaka að skírn lokinni.

Kirkjuathafnir

Við þennan kafla verður bætt þegar Handbókarnefnd hefur gengið frá textum kirkjuathafnanna.

Guðspjónustan lið fyrir lið

Í þessu yfirliti er gerð grein fyrir hverjum lið messunnar eftir því sem þeir koma fyrir í grunnguðspjónustuförminu, sem er ítarlegasta form messunnar. Hlutar þessa yfirlits koma fram í leiðbeiningum við hvert form. Í þessum messuskýringum verður táknið L notað um alla þjóna sem leiða helgihaldið, djákna, óvígða fulltrúa safnaðarins, jafnt sem presta en táknið P um þá liði sem hafa í kirkjuréttinum sérstaklega verið faldir prestum.

I. Koman

Undirbúningur fyrir messu

Kirkjan er opin nokkra stund fyrir guðspjónustu til bænar og íhugunar. Þau sem leiða helgihaldið gefa sér góðan tíma til undirbúnings og fara saman yfir helgihaldið með þeim öðrum sem hafa þar hlutverk. Undirbúningnum lýkur með bæn (sjá skróðhúsbaenir í viðauka). Að lokinni bænagjörðinni eru efni og áhöld kvöldmáltíðarinnar borin inn og sett á altarið, (eða þar sem svo hagar til á hliðarborð í kór kirkjunnar). Séu samskot tekin í guðspjónustunni fer vel á að sá liður fari fram undir sálmi. Að því loknu getur L gengið í forkirkjuna eða farið beint úr skróðhúsinu til þjónustunnar.

Klukknahringing

Hringja skal þrívégis fyrir guðspjónustuna, hálfri stundu fyrir messu, stundarfjórðungi fyrir messu og í um það bil þrjár mínútur fyrir heila tímann.

Forspil, inngöngusálmur eða innganga í þögn

Innganga getur farið fram eftir samhringingu, undir forspili, í þögn eða undir inngöngusálmi. Vel fer á því að þau sem leiða helgihaldið gangi saman inn kirkjuskipið ásamt skírnarfólki, fermingarbörnum eða kór og tónlistarfólki þegar það á við, annað hvort með þátttöku í söng eða hljóðfæraleik, eða í þögn. Inngöngukross er þá borinn á fyrstur. Eigi kirkjan ljósastikur má bera þær á undan krossinum til að lýsa honum eða á eftir honum. Bera má inn gripi þá sem nota á í guðspjónustunni á eftir krossinum. Ganga má beint að altari, til sætis í kór eða leiða fyrsta hluta messunnar úr kórduum. Vel fer á því að safnaðarfólk rísi á fætur undir inngöngunni af virðingu við Krist líkt og mannfjöldinn sem fagnaði Kristi (Mt 21). Göngufólk gengur að altarinu, nemur staðar í tröppum eða fyrir framan gráður, lýtur höfði og/eða signir sig. Söfnuður sest þegar þjónar messunnar hafa komið sér fyrir í kór.

Óvígðir fulltrúar safnaðarins leiða að jafnaði messuliði úr kórduum eða lespúlti, en vígðir frá altari, kórduum eða lespúlti eftir atvikum.

Forspil guðspjónustunnar er að jafnaði leikið á orgel en einnig má leika það á annað hljóðfæri. Einnig getur forspil verið inngöngusálmur, kórsöngur eða hljóðfæraleikur. Inngöngusálmur getur verið sálmur úr sálmabók (Sálmabók 216-236), eða inngöngusálmur úr Biblíunni (Sálmabók 247-258).

Ef skírt er í messu er sunginn skírnarsálmur undir inngöngu og skírnin fer fram í upphafi guðsþjónustunnar á eftir Heilsun. Ef sungið er í upphafi fellur niður sálmur á undan miskunnarbæn.

Heilsun

Æskilegt er að óvígður fulltrúi safnaðarins leiði alla liðina frá heilsun til signingar. Einnig fer vel á því að djákni leiði þessa liði. L heilsar söfnuðinum í Jesú nafni. Eftir ávarp og á undan heilsun má eftir þörfum skýra fyrirkomulag helgihaldsins eða koma með tilkynningar. L snýr sér að söfnuðinum.

Ávarp

Ef ávarpið er flutt frá altari snýr L sér að söfnuðinum undir ávarpinu og að altarinu undir skírnarminningu og/eða inngöngubæn.

Signing

Með signingunni er áréttað að allt sem gerist á samkomu safnaðarins er falið hinum þríeina Guði á vald.

Upphafsbæn og Skírnarminning

Í bæninni kemur söfnuðurinn saman einum huga og býr sig undir að taka á móti Orðinu og Máltíðinni. Flytja má skírnarminningu til viðbótar við upphafsbæn. Fleiri upphafsbænir og skírnarminningarbænir má finna í viðauka. Þegar skírnarminning er flutt má hella vatni í skírnarfontinn meðan L eða annar fulltrúi safnaðarins flytur bænina, einn eða með söfnuðinum.

Sálmur

Sálmurinn fellur niður ef sungið var við Inngöngu.

Syndajátning

Í syndajátningunni játum við syndir okkar og þiggjum staðfestingu þess að Guð fyrirgefur okkur. L og söfnuður mega krjúpa undir syndajátningunni ef aðstaða leyfir.

Sálmur úr Sálmabók

Sálmurinn fellur niður ef sungið var við Inngöngu.

Miskunnarbæn

Í miskunnarbæninni áköllum við Drottin með orðum Bartímeusar (Mrk 10.46-52). Auk miskunnarbænarinnar sem tónsett er í messuforminu má finna fleiri miskunnarbænir í sálmabókinni (Sálmabók 259–264). Einnig má nota aðrar miskunnarbænir eða sálma sama efnis. Á föstutímum þegar ekki er sunginn dýrðarsöngur er æskilegt að syngja efnismeiri Miskunnarbæn eða Litaníu við sérstakar aðstæður (eldgos og jarðskjálftar, aðrar

náttúruhamfarir eða stórslys). Litaníu Lúthers (Sálmabók 811) má lesa í víxllestri eða syngja í víxlsöng.

Dýrðarsöngur

Söfnuðurinn rís á fætur og tekur undir söng englanna á jólanótt (Lúk 2.14) um að Guð hafi tekið sér bústað meðal okkar manna. Sleppa má víxlsöngnum og syngja þess í stað dýrðarsöng úr sálmabókinni (Sálmabók 269-270). Syngja má framhald dýrðarsöngsins (lat. *Laudamus*, þ.e. við lofum), sjá sálma og messusöngva (Sálmabók 265-268).

Bæn dagsins (kollekt)

Í bæn dagsins, kollektunni, minnumst við fyrirheitanna sem Guð gefur í orði sínu og biðjum hann að veita okkur þau. Kollektur fylgja kirkjuárinu og þeirri textaröð sem lesin er í kirkjum landsins hverju sinni.

II. Orðið

Orðið er annar hluti guðsþjónustunnar. Mikilvægt er að rækta tengsl safnaðarins við Biblíuna, heim hennar og tungutak. Lesnir eru tveir ritningarlestrar og guðspjall og vel fer á því að lesa víxllestur úr Sálmunum milli lestra. Í sérstökum tilvikum, þar sem mikil þörf er á að einfalda helgisiðina, má sleppa öðrum ritningarlestrinum eða báðum og fara beint úr kollektu yfir í guðspjallið. Sleppa má öðrum hvorum lestrinum, lexíu eða pistli og velja þá annað hvort lestur úr Gamla testamentinu eða Nýja testamentinu.

Lexían

Hér er hlýtt á fyrirheit Guðs í Gamla testamentinu eða Apókrýfuritunum, sbr. Lestraskrá kirkjuársins.

L snýr sér að söfnuðinum og kynnir lexíuna með svohljóðandi orðum: „Lexían er úr ... (rit)“ og les hann síðan. Á hátíðum er lesturinn kynntur þannig: „Lexía heilagar ... hátíðar er úr ... (rit)“. L endar lesturinn á að segja: „Þannig hljóðar hið heilaga orð“ og söfnuðurinn svarar: „Guði sé þakkargjörð“.

Sálmvers eða víxllestur

Versið má syngja í almennum söng eða kórsöng. Syngja má eða víxllesa úr Sálmunum í stað þess að syngja sálm.

Pistillinn

Hér er hlýtt á vitnisburð postula um mátt hins upprisna Drottins.

L snýr sér að söfnuðinum og kynnir pistilinn með svohljóðandi orðum: „Lexían er úr ... (rit)“. Á hátíðum er lesturinn kynntur þannig: „Pistill heilagar ... hátíðar er úr ... (rit)“. L

endar lesturinn á að segja: „Þannig hljóðar hið heilaga orð“ og söfnuðurinn svarar: „Guði sé þakkargjörð“ eins og við lexíuna.

Hallelújavers eða Föstuvers

Sungið er Hallelújavers úr Biblíunni eða Hallelújasálmur (Sálmabók 271-282 og 339-340). Bera má fram ljós undir hallelújasöng og er þá staðið undir versinu. Ljósberar mega ganga á undan þeim er les guðspjallið. Þeir standa hvor sínu megin við lesarann, andspænis hvor öðrum. Lesa má guðspjall frá altarinu, en ef gengið er með guðspjallið má lesa úr kórdurom eða í miðju kirkjuskipinu. Einnig má tóna guðspjallskyninguna með eldri hætti: „Guðspjallið skrifar guðspjallamaðurinn...“ Þá svarar söfnuðurinn: „Guði sé lof og dýrð fyrir sinn gleðilega boðskap.“ Á föstunni er sungið föstovers í stað Hallelúja nema þegar boðunardagur Maríu er haldinn. Þá situr söfnuður undir versinu og guðspjallsganga fellur niður. Velja má einstök vers úr sálmum föstu og dymbilviku sem föstovers (Sálmabók 94-118, 119-131).

Guðspjall

Hér er hlýtt á orð hins lifandi Krists úr guðspjallinu.

Hvort tveggja óvígðir fulltrúar safnaðarins eða vígðir þjónar geta lesið guðspjall og tekið þátt í guðspjallsgöngu. Söfnuðurinn stendur undir guðspjalli. Ef Hallelújavers er endurtekið eftir lestur guðspjalls er ekki tónuð kynning guðspjalls, og söfnuðurinn svarar guðspjallinu syngjandi með versinu. Ef Hallelújaversið er ekki endurtekið eftir guðspjallið svarar söfnuðurinn: „Lof sé þér Kristur“.

Sálmur eða Hallelújavers endurtekið

Sé sálmur sunginn sest söfnuðurinn strax að loknum guðspjallslestri. Sé Hallelújavers endurtekið eftir lestur guðspjalls fer vel á að prédikun fylgi strax á eftir versinu. Sest þá söfnuðurinn ekki fyrr en versinu er lokið.

Aflkæðist P hökli undir sálminum (sjá umfjöllun undir „Skrúði“) er það gert undir sálminum eða Hallelújaversinu. Þegar skrudhús er í kirkjunni gengur P þangað og leggur af hökulinn áður en hann stígur í stól. Sé ekki skrudhús stendur P við altari og bíður þess að meðhjálpari aðstoði hann við að afskrýðast hökli. Í síðasta versu sálmsins gengur P í stól.

Prédikun

Prédikun Orðsins er eitt megineinkenni lúterskrar kirkju. Prédikuninni er ætlað að leggja út Orðið á þann hátt sem verður söfnuðinum til trúarlegrar styrkingar, huggunar og umhugsunar.

P flytur útleggingu sína frá textum kirkjuársins eða öðrum völdum ritningartexta. Prédikun má einnig flytja frá kórdurom og fer þá vel á að allur fyrri hluti messunnar fari fram þaðan. Prédikun hefst með postullegru heilsan, t.d. „Náð sé með ykkur og friður frá Guði, föður okkar, og Drottni Jesú Kristi“ (Kól 1.2b). Einnig má nýta aðrar postullegar kveðjur (2Kor

13:13, Róm 16.24, Gal 6.18, 1Þess 1.1). Vel fer á að P biðji bænar á undan postullegrri heilsan, t.d. „Heilagi Guð, helga þú okkur í sannleikanum. Þitt orð er líf, andi og sannleikur.“ Leggi P ekki út af einhverjum af lestrum dagsins sem lesnir eru frá altari er æskilegt að allur textinn sé lesinn af stólnum fyrir prédikun. Valinn texti prédikara kemur ekki í stað lestra kirkjuársins sem áður voru lesnir. Prédikunin endar á dýrðarsöng hinum minni: „Dýrð sé Guði, föður og syni og heilögum anda svo sem var í upphafi, er og verður um aldir alda. Amen.“ Enda má prédikunina á einni af kveðjum postulans í stað dýrðarsöngs hins minni (Fil 4.7, 1Þess 5:23, Róm 15:13) en ekki er staðið upp undir kveðjunni.

**Trúarjåtning / eða *Trúarjåtningarsálmur/ eða Sálmur*

Söfnuðurinn svarar Orðinu sem lesið hefur verið og lagt út með því að játa trúna.

Söfnuðurinn stendur undir trúarjåtningunni og snýr sér að jafnaði til altarisins. Trúarjåtningin getur verið hin postullega skírnarjåtning, messujåtningin (Níkeujåtningin) eða sunginn trúarjåtningarsálmur. Nota má aðrar jåtningar trúarinnar, t.d. frumsamdar jåtningar, en gera þarf skýran greinarmun á þeim og hinum sem tilheyra jåtningagrundvelli þjóðkirkjunnar, t.d. með því að L flytji frumsömdu jåtninguna en söfnuðurinn sitji á meðan og svari með „amen“ í lokin. Staðið er undir þeim sálmum er fylgja texta postullegru trúarjåtningarinnar eða Níkeujåtningarinnar. Vísi sálmurinn aðeins lauslega í efnið ber frekar að líta á hann sem almennan sálm en sungna trúarjåtningu. Situr þá söfnuðurinn undir sálminum.

Fari altarisganga fram gengur P aftur til skróðhúss og skryðist hökli eftir trúarjåtninguna. Sé ekki altarisganga þarf P ekki að skryðast hökli aftur. Sé ekki skróðhús gengur P að altari og meðhjálpari aðstoðar þar við að skryðast hökli ef það á við.

Almenn kirkjubæn

Í bæninni felur söfnuðurinn kirkju Krists Guði á hendur. Almenn kirkjubæn hefur samkvæmt hinni kirkjulegu hefð fimm megin bænarefni. Það er kirkja Krists í heiminum, veraldleg yfirvöld, friður og farsæld, fjölskyldan og kristið uppeldi, sjúkir og deyjandi. Í meginatriðum er almenna bænin bæn viðkomandi safnaðar sem ber fram þakkarefni sín og áhyggjuefni og því æskilegt að söfnuðir semji sínar eigin bænir. Tillögur að almennum kirkjubænum fylgja með í viðauka sem fyrirmynd að vinnu í söfnuðum.

Tilkynningar eru í flestum tilfellum fluttar í upphafi eða í lok messu. Þegar um sérstakt fyrirbænarefni er að ræða má flytja tilkynningar á undan almennri kirkjubæn. Æskilegt er að fulltrúi safnaðarins lesi tilkynningar og að djákni eða óvígður fulltrúi safnaðarins annist þennan lið messunnar.

Almenna kirkjubænin er oftast víxllesin og eru safnaðarsvörin ýmist sungin eða lesin. Sálmabókin geymir sungin bænasvör (Sálmabók 287-290). Til þess að þátttaka verði almenn við bænagjörðina þarf hver bæn að enda á bænaákalli sem er endurtekið í lok hverrar bænar.

Skýrt þarf að vera áður en bænin hefst hvernig söfnuðinum er ætlað að svara. Heimilt er að í stað víxllestrar lesi sá eða sú sem leiðir guðsþjónustuna alla bænina og svarar þá söfnuður með bænasvari í lok allrar bænarinnar.

Sé bænaganga (bænastöðvar) í guðsþjónustunni má gjarnan leggja bænirnar sem skrifaðar eru og samskotin á altarið og biðja fyrir þeim.

Syndajátning og aflausn

Ekki þarf að fara með syndajátningu á undan kvöldmáltíð ef hún er flutt í upphafi messu. Áður en söfnuðurinn býr sig undir að neyta gjafanna sem staðfesta frið á milli himins og jarðar, þá játar söfnuður syndirnar og lýsir sátt og friði innbyrðis (Matt 5.23-24). Sé syndajátningunni sleppt hér er friðarkveðjan ein flutt.

Prestur og söfnuður mega krjúpa undir syndajátningunni ef aðstaða leyfir.

Friðarkveðja

Hér getur safnaðarfólkið tekist í hendur (eða lagt lófa sína í lófa þeirra sem næst því eru) og endurtekið friðarkveðjuna.

III. Máltíðin

Sálmur

Kvöldmáltíð er alltaf leidd af presti. Þ snýr að altari og tilreiðir brauð og vín meðan sálmurinn er sunginn. Þ er heimilt að þvo hendur sínar fyrir kvöldmáltíðina og hefur þá þerru og skál með vatni á altarinu til þess. Þ færir hin helgu ker (kaleik og patínu) til hliðar á altarinu, tekur korporalshús (kristslíkamahús) ofan af kaleik (og kaleiksklæði), sækir kristslíkamadúkinn í kristslíkamahúsið og breiðir á altarið fyrir miðju. Þá tekur Þ kaleiksklæðið (velum) af kaleik og leggur til hliðar. Þá setur Þ kaleikinn á kristslíkamadúkinn miðjan, pallan er tekin ofan af kaleik og patínu og lögð til hliðar. Patínuna tekur prestur ofan af kaleiknum og leggur á kristslíkamadúkinn beint fyrir framan kaleikinn nær sér. Þá setur Þ brauð á patínu og hellir víni í kaleikinn og vatni, ef vill.

Söfnuður rís á fætur undir víxllestri og stendur þar til Heilagur hefur verið sunginn. Sé hefð í söfnuðinum fyrir því að standa áfram til loka Guðs lambs og ganga því næst beint til útdeilingar er það heimilt. Taki djákni eða óvígður fulltrúi safnaðarins þátt í lestri þakkarbæna kemur hann að altarinu strax í upphafi þessa liðar. Taki djákni eða óvígður fulltrúi safnaðarins aðeins þátt í útdeilingunni kemur hann upp að altarinu undir Guðs lamb.

Máltíðarhluti messunnar er byggður upp af eftirfarandi þáttum: Upphaf þakkargjörðarinnar , Heilagur, Þakkargjörð, Innsetningarorð, Minning þjáningar, dauða og upprisú Jesú, (gr. *anamnesis*), Ákall um nálægð heilags anda (gr. *epiklesis*) og Faðir vor sem er borðbæn

máltíðarinnar. Allir þessir liðir messunnar nefnast einu nafni þakkargjörðin, þar sem við þökkum Guði fyrir að hafa skapað okkur og sköpunarverkið allt, fyrir að hafa frelsað okkur fyrir son sinn Jesú Krist og fyrir að helga okkur til þjónustu við heiminn. Úrval af þakkargjörðarbænum, t.d. eftir kirkjuári eða tilefni, má finna í messuformunum og í viðauka.

Upphaf þakkargjörðarinnar

Þegar sálmurinn er sunginn til enda snýr P sér til safnaðar og flytur: „Drottinn sé með ykkur“. Þegar svarað hefur verið „og með þínum anda“ snýr P sér að altari og flytur framhaldið. Upphaf þakkargjörðarinnar endar með orðunum „...segjum án afláts“.

Heilagur

Söfnuðurinn tekur undir lofsöng hinna himnesku hirðsveita frammi fyrir Guði (Jes 6.2-3 og Opb 4.8). Heilagur er sungið eða lesið úr sálmabók (Sálmabók bls. 18 eða nr. 307-308). Einnig má syngja Heilagur sem kórverk. P snýr að altari og söfnuður stendur.

Þakkarbæn-Innsetningarorðin-Minning-Ákall til heilags anda

Hér eru dregin saman þakkarefnin í bæn og söfnuðurinn minnst þess sem Jesús gerði nóttina sem hann var svikinn (innsetningarorðin). Kirkjan á himni og jörðu minnst fyrirheita Guðs frammi fyrir Guði. L snýr að altari og söfnuður stendur. Heimilt er að djákni eða óvígður fulltrúi safnaðarins lesi valda hluta þakkarbænarinnar við hlið prests (sjá leiðbeiningar í formi).

Faðir vor

Söfnuðurinn biður sem borðbæn bænina sem Drottinn kenndi.

Guðs lamb

Í bæninni biður söfnuðurinn Guðs lambið sem ber syndir heimsins (Jóh 1.29) að miskunna okkur og gefa sinn frið. Á undan eða undir Guðslambssöngnum getur P brotið brauðið, sjá leiðbeiningu í formi og viðauka.

Guðs lamb er flutt sem kórverk, lesið eða sungið (sjá Sálmabók bls. 19 eða nr. 309–313). Eftir Guðs lamb má fara með bænarorð, t.d. Lúk 7.6-7.

Presturinn segir: Brauðið sem við brjóttum er samfélag um líkama Krists. Sá bikar blessunarinnar sem við blessum er samfélag um blóð Krists.

Prestur útteilir brauði. Æskilegt er að óvígður fulltrúi safnaðarins eða djákni útteili víni. Við hvern þann sem gengur til altaris er sagt: „Líkami Krists, lífsins brauð.“ / „Blóð Krists, bikar lífsins“. Nota má styttri útgáfu útteilingarorðanna: „Líkami Krists“, „Blóð Krists“.

Máltíð Jesú

P útteilir brauði. Æskilegt er að djákni eða óvígður fulltrúi safnaðarins útteili víni. P snýr á móti söfnuði með patínu í höndum og djákni/óvígður fulltrúi safnaðar með kaleik. Deila má

út við grátur, við kórðyr eða á kirkjugólfi. Heimilt er að neyta sakramentisins aðeins í öðru efninu. Altarisganga er í flestum tilvikum samfelld. Í samræmi við eldri venju, t.d. þegar litlir hópar koma saman og krjúpa við altarið, má presturinn lyfta kaleik og gera krossmark með honum um leið og sagt er: „Jesús Kristur, sem er krossfestur og upprisinn Drottinn og frelsari, varðveiti okkur í samfélaginu við sig í lifandi trú til eilífs lífs. Amen.“

Eftir að útdeilingu lýkur gengur presturinn frá sakramentinu og gætir þess að blanda ekki saman sakramentinu og ónotuðum efnum (sjá kaflann Meðferð efnanna).

IV. Sendingin

Bæn eftir kvöldmáltíð

Í bæninni þakkar söfnuðurinn fyrir gjafir Guðs og biður um blessun og ávöxt þessara gjafa. Bænin er mismunandi eftir tímabilum kirkjuársins. Sálma má syngja á undan bæninni. Vel fer á því að djákni biði bænina og tengi þannig samfélagið við Guðs borð við sendinguna út til hinna þurfandi. Óvígður fulltrúi safnaðarins getur einnig beðið bænina.

Blessun

Áður en við göngum úr kirkjunni nærð af fyrirheitum Guðs þiggjum við blessun til nýrrar þjónustu í heiminum sem Guð hefur skapað.

L snýr sér að söfnuði og segir: „Þökkum Drottni og vegsömum hann“.

Söfnuður rís á fætur. Leiði djákni messuna blessar hann söfnuðinn með upplyftum höndum. Í lok blessunarorðanna gerir vígður þjónn sem leiðir guðsþjónustuna krossmark með hægri hendi. Ef óvígður fulltrúi safnaðarins leiðir guðsþjónustuna les hann blessunarorðin og fer með signinguna, en lyftir ekki höndum eða gerir krossmark yfir söfnuðinn.

Sálmur

Vel fer á því að söfnuður standi undir síðasta sálminum. Söfnuður stendur alltaf ef sálmurinn Son Guðs ertu með sanni (Sálmabók 516) eða þjóðsöngurinn (Sálmabók 1) er sunginn.

Lokabæn

Meðhjálpari eða annar óvígður fulltrúi safnaðarins flytur eða leiðir lokabænina. Lokabæninni má sleppa.

Klukknahringingur Eftirspil

Þjónar messunnar ganga út undir eftirspilinu. Einnig má setjast og hlusta á eftirspilið. L er heimilt að standa við altarið þar til eftirspili lýkur. Þá getur sá eða sú sem guðsþjónustuna leiðir athöfnina flutt útsendingarorð í lokin („Messan er á enda...“)

Finis Cenae Dominicae et Ceremoniarum